

Samþykkt um Fagfélag um mengun á Íslandi - FUMÍS

1. Félagið heitir FUMÍS - Fagfélag um mengun á Íslandi. Lögheimili og varnarþing er í Reykjavík.
2. Tilgangur félagsins er að
 - Stuðla að aukinni þekkingu á góðum og vönduðum vinnubrögðum í málefnum mengunar í jarðvegi, yfirborðs- og jarðvatni.
 - Stuðla að auknu samráði og samstarfi ólíkra aðila í málefnum er varða mengun í jarðvegi, yfirborðs- og jarðvatni.
 - Hvetja til faglegra vinnubragða í mengunarmálum á Íslandi.
3. Markmiðum sínum skal félagið m.a. ná með því að:
 - Standa fyrir fræðslu um mengun í jarðvegi, yfirborðs- og jarðvatni á breiðum grunni.
 - Tengja saman og vera vettvangur ólíkra aðila sem koma á margan hátt að mengun í jarðvegi og yfirborðs- og jarðvatni.
 - Standa fyrir og hvetja til faglegrar umræðu og vinnubragða í mengunarmálum.
 - Taka þátt í erlendu samstarfi í málefnum er varða mengun í jarðvegi, yfirborðs- og jarðvatni.
4. Aðild að félagini er opin öllum, einstaklingum, opinberum aðilum og einkaaðilum, sem hafa áhuga á málefnum mengunar í jarðvegi og yfirborðs- og jarðvatni. Umsókn um aðild skal vera skrifleg eða með tölvupósti á netfangið fumis@fumis.is og er hún lögð fyrir stjórnarfund til samþykktar.
Úrsögn úr félagini skal tilkynna skriflega eða með tölvupósti á netfangið fumis@fumis.is og tekur úrsögn gildi frá næsta aðalfundi.
5. Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðeins félagsmenn hafa rétt til þátttöku á aðalfundi. Reikningsár félagsins er almanaksárið.
6. Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra aðalfunda.
Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. mars ár hvert og skal boða til hans með að minnst þriggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Í fundarboði skal tilgreina fundarstað og tíma, auk þess frests sem gefinn er til að senda inn tillögur fyrir fundinn. Dagskrá aðalfundar skal senda út a.m.k. 7 dögum fyrir aðalfund. Aðalfundur er lölegur óháð fundarsókn, sé rétt til hans boðað. Einfaldur meirihluti fundarmanna á aðalfundi ræður úrslitum mála. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:
 - 1 Kosning fundarstjóra og fundarritara
 - 2 Skýrsla stjórnar lögð fram
 - 3 Reikningar lagðir fram til samþykktar
 - 4 Tillögur til breytinga á samþykktum eða lögum
 - 5 Ákvörðun félagsgjalda
 - 6 Kosning stjórnar
 - 7 Kosning skoðunarmanna reikninga
 - 8 Önnur mál

Samþykktum félagsins má einungis breyta á aðalfundi og þarf til þess **einfaldan meirihluta** fundarmanna. Tillögur til framlagningar á aðalfundi, til breytinga á samþykktum félagsins skulu sendar stjórn félagsins á netfangið fumis@fumis.is í síðasta lagi 14 dögum fyrir aðalfund. Tillögur til breytinga á samþykktum skulu fylgja dagskrá aðalfundar.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu kjörinna skoðunarmanna eða 30% lögmætra félagsmanna. Skal krafan gerð skriflega, fundarefni tilgreint og fundur þá boðaður innan 14 daga.

Atkvæði greiðast með handauppréttingu en formaður getur ákveðið að atkvæðagreiðsla sé skrifleg og einnig skal atkvæðagreiðsla vera skrifleg ef minnst tveir félagsmenn krefjast þess. Fundarstjóri skal sjá um talningu atkvæða og fundarritari staðfesta niðurstöðu talningar.

7. Stjórn félagsins skal skipuð 5 aðilum, formanni, gjaldkera, ritara og 2 meðstjórnendum. Stjórnarmeðlimir skulu kosnir til 2 ára í senn, 2 annað árið og 3 hitt árið. Einig er heimilt að kjósa allt að 2 varamenn, einnig til 2 ára. Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður skal að hámarki skipa það embætti í fjögur ár samfellt. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda.
Einn stjórnarmeðlimur skal ávallt koma frá Umhverfisstofnun og annar ávallt frá heilbrigðiseftirliti.

Hlutverk stjórnar

Formaður fer með daglega stjórn félagsins og boðar til stjórnarfunda. Formaður flytur skýrslu stjórnar á aðalfundi.

Gjaldkeri fer með fjármál félagsins og hefur umsjón með gögnum er þau varða og sér um innheimtu félagsgjálfa eftir ákvörðun aðalfundar. Gjaldkeri kynnir reikninga félagsins á aðalfundi.

Ritari sér um ritun fundargerða stjórnar, varðveitir gögn félagsins önnur en fjárhagsgögn og sér um boðun aðalfundar og viðburði á vegum félagsins. Ritari heldur utan um meðlimaskrá félagsins.


Meðstjórnendur vinna að ýmsum störfum innan stjórnar og fyrir félagið eftir ákvörðun stjórnar.

Varamenn sitja stjórnarfundi í forföllum stjórnarmeðlima. Stjórnarmeðlimir er forfallast sjá um boðun varamanns. Varamenn hafa heimild til að sitja stjórnarfundi en fara ekki með atkvæðisrétt nema í forföllum kjörinna stjórnarmeðlima. Varamenn koma að stjórnun félagsins í samráði við stjórn.


8. Á aðalfundi skal kjósa two skoðunarmenn reikninga ásamt varamönnum. Skulu þeir yfirfara reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund.
Skoðunarmenn reikninga má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða varamanna stjórnar.
9. Á stofnfundi skulu stjórnarmeðlimir kjósa two úr eigin hópi til að yfirfara reikninga félagsins fyrsta starfsárið áður en þeir eru lagðir fyrir fyrsta aðalfund.
10. Ákvörðun um félagsgjald skal tekin á aðalfundi. Félagsgjöld skulu innheimt árlega.
11. Rekstrarafgangi af starfsemi félagsins skal varið til eflingar starfi félagsins s.s. til að fjármagna fræðslufundi og ráðstefnur. Félagsmenn skulu ekki njóta fjárhagslegs ávinnings af starfsemi félagsins.
12. Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða og renna eignir þess til þeirra góðgerðarmála sem ákveðin verða á slitafundi.



Erla Guðrún Hafsteinsdóttir formaður



Kristín Þorsteinsdóttir Kröyer gjaldkeri




Guðjón Þ. Eggertsson



Helga Jóní Jónasdóttir meðstjórnandi



Ríkharður Friðriksson meðstjórnandi



Halldóra Björk Bergþórssdóttir varamáður í stjórn